

3. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa og, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar fisktegundir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt um í reglugerð þessari.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 2. gr. laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs afla.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 1. gr. laga nr. 34 17. maí 1976 um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er með henni felld úr gildi reglugerð nr. 16 20. janúar 1976 um lágmarksstærðir fisktegunda.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

1. júlí 1976.

Nr. 277.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð í Laugarási, og innheimtir gjald fyrir, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfi hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunnar.

Ákvæði þessi eru háð því skilyrði, að notendur hafi samið við stjórnarnefnd Laugaráshéraðs um vatnsréttindin.

3. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis, og annast viðhald hans. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu á heita vatninu við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húsráðendum í té aukahemil, sé þess óskað.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr árinu.

Þar til hemlar hafa verið settir á, og ef hemlar bila, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af stærð og hitaþörf hússins.

Skylt er húseiganda að tilkynna starfsmönnum hitaveitunnar, ef hann breytir hitakerfi í húsi, sem geti raskað mælingu um hemil.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld.

Garðyrkjustöðvar kr. 200.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 14.00 á mánuði af hverjum rúmm.

Íbúðarhús kr. 1 000.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Iðnaðarhús kr. 500.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

2. Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætla hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 200.00 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald, kr. 14.00 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 9.00 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.

3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

4. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfellt.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar—mars 1. apríl. Fyrir apríl—júní 1. júlí. Fyrir júlí—sept. 1. október. Fyrir okt.—des. 1. nóvember.

Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar, eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan mánaðar frá gjalddaga.

Heimilt er að taka 2% dráttarvexti á mánuði af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Heimædagjöld skulu vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli kr. 60 000.00.

Hús 300 rúmm. að utanmáli og stærri kr. 60 000.00 fyrir 300 rúmm. og kr. 100.00 af hverjum rúmm. þar fram yfir.

Heimædagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 144 000.00 af sekl.

Heimædagjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

8. gr.

Gjöld samkv. 5. og 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 100 hinn 1. nóv. 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim til samræmis við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölunni.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á samnanlegan hátt með 14 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 2 000.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlýta tafarlaust fyrirætlunum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af fulltrúum stjórnarnefndar Laugaráshéraðs og fulltrúum notenda í Laugarási, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá frá 26. nóvember 1974 með síðari breytingum úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 1. júlí 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

SAMÞYKKT**um hundahald í Borgarnesi.****1. gr.**

Hundahald er bannað í Borgarnesi, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötludu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu lögreglunnar, og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn